

241/42

Fundur haldinn í héraðsráði miðvikudaginn 30. maí 2007 kl. 14:00 á skrifstofu héraðsnefndar Húnabraut 32.

Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Adolf H. Berndsen og Tryggvi Jónsson.

Dagskrá:

1. Bréf skjalavarðar héraðsskjalasafnsins
 2. Kvennaskólinn
 3. Bréf heilbrigðisráðuneytisins
 4. Verðkönnun trygginga
 5. Drög að ársreikningi
 6. Undirbúningur að fundi héraðsnefndar
 7. Önnur mál.
-
1. Bréf frá skjalaverði þar sem óskað er eftir að aukið verði við hillurými í safninu og einnig að stöðugildi verði hækkað. Samþykkt var að hafna auknu stöðuhlutfalli að sinni en framkvæmdastjóra falið að svara erindinu að öðru leiti.
 2. Ákveðið hefur verið að í sumar verði endurnýjaðar frárennislagnir og gert við þak skólans. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir og undirbúning er um 10. millj. kr.
 3. Lagt fram bréf heilbrigðisráðuneytisins þar sem Sæborg er úthlutað einu almennu hjúkrunarrými og einu hjúkrunarrými fyrir hvíldarinnlögn frá 20. mars 2007.
 4. Gerð hefur verið verðkönnun hjá þremur tryggingarfélagum þ.e. TM, VÍS og Sjóvá um tryggingar héraðsnefndar. Fyrir liggja verðtilboð þeirra í allar tryggingar héraðsnefndarinnar. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga og ganga frá málinu í samráði við héraðsráðið.
 5. Fyrirliggjandi eru drög að ársreikningi héraðsnefndar fyrir árið 2007. Farið var yfir drögin og var framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við endurskoðanda.
 6. Ákveðið er að stefna að fundi héraðsnefndar 14. júní á Skagaströnd.
 7. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 16:00.

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Adolf H. Berndsen